

Skjalastefna sveitarfélagsins Hornafjarðar 2026-2030

Í starfsemi Sveitarfélagsins Hornafjarðar verða til og eru varðveitt skjöl sem sýna fram á starfsemi sveitarfélagsins og styðja við rekstur þess. Sveitarfélagið ber ábyrgð á eigin skjölum í samræmi við lög og reglugerðir.

1. Tilgangur

Tilgangur skjalastefnunnar er að tryggja skipulega, örugga og skilvirka meðferð skjala og upplýsinga í starfsemi Sveitarfélagsins Hornafjarðar. Stefnan styður gagnsæi, rekjanleika, skilvirkni og varðveislu gagna í samræmi við lög og reglur.

2. Umfang

Stefnan tekur til skjalavörslu og skjalastjórnar allra sviða, deilda, stofnana, starfseininga í eigu sveitarfélagsins. Hún nær einnig til þeirra sem starfa hjá sveitarfélaginu eða eru samningsbundnir. Skjalastefnan nær til allra skjala sem móttækin eru, útbúin eða viðhaldið við starfsemi sveitarfélagsins og félaga í meirihluta eigu þess. Skjalastefnan er bindandi fyrir alla starfsmenn sveitarfélagsins.

3. Markmið

- Tryggja að meðferð skjala sé í samræmi við lög, reglur og góða stjórnsýsluhætti
- Stuðla að einfaldri, skilvirkri og rafrænni stjórnsýslu
- Að tryggja öryggi og heilleika skjala. Að fyllsta öryggis sé gætt skv. reglum um aðgangsstjórnun skjala og lögum um persónuvernd
- Efla gagnsæi og aðgengi að upplýsingum
- Auka skilvirkni og gæði í þjónustu
- Að koma í veg fyrir ósamræmda vistun skjala á einkasvæðum, sameiginlegum svæðum, í tölvupósti, einkatölvum, skýjum eða færanlegum miðlum
- Að skjalastjórn sé virk hjá sveitarfélaginu og auki hagkvæmni.

4. Aðgerðir

- Samræma skráningu og vistun skjala í sameiginlegu málaskrákerfi
- Einfalda og samræma skjalaskrá og flokkun gagna
- Efla rafræna skjalastjórn og draga úr pappírsmarkun
- Tryggja reglubundið eftirlit með skráningu og meðferð skjala
- Efla fræðslu og vitund starfsmanna um skjalastjórn
- Tryggja að upplýsingakerfi uppfylli kröfur um öryggi og varðveislu gagna
- Að allar stofnanir sveitarfélagsins séu með samþykktu skjalavistunaráætlun og málalýkil.

5. Ábyrgð

Samkvæmt 22. gr. laga nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn ber bærarstjóri Sveitarfélagsins Hornafjarðar ábyrgð á skjalastjórn og skjalavörslu sveitarfélagsins, þ.m.t. að unnið sé í samræmi við fyrirmæli laga og reglna þar að lútandi. Hið sama gildir um formenn nefnda

sveitarfélagsins, svo og forstöðumenn stofnana, sjóða og annarra aðila sem lög þessi gilda um skv. 14. gr.

Sveitarfélaginu Hornafirði er skylt að haga skjalastjórn og skjalavörslu með þeim hætti sem segir í þeim reglum sem settar eru á grundvelli 23. gr. laga nr. 77/2014 og varðveita málsgögn þannig að þau séu aðgengileg í samræmi við þær.

Sá er ber ábyrgð á skjalastjórn og skjalavörslu skal grípa til viðeigandi ráðstafana til þess að vernda skjöl Sveitarfélagsins Hornafjarðar fyrir ólöglegri eyðileggingu, breytingu og óleyfilegum aðgangi.

- Bæjarstjóri ber ábyrgð á að skjala- og upplýsingastjórnun sé í samræmi við lög og reglugerðir og tryggir skjalastjóra stuðning við framkvæmd skjalastefnu sveitarfélagsins.
- Skjalastjóri hefur umsjón með skjala og upplýsingastjórnun í umboði bæjarstjóra og framfylgir skjalastefnu með stuðningi hans og næsta yfirmanns. Hann ber ábyrgð á innleiðingu skjalastjórnunar og er til ráðgjafar.
- Héraðskjalavörður hefur eftirlitsskyldu gagnvart sveitarfélaginu og vinnur með starfsfólki sveitarfélagsins að því að gera skjalavörslu þess öruggari, skilvirkari og hagkvæmari. Sveitarfélaginu og undirstofnunum þess ber skilda til að afhenda Héraðsskjalasafni AusturSkaftafellssýslu skjalasöfn sín.
- Sviðstjórar tryggja að myndun og varðveisla skjala sé hluti af starfsemi sviðsins og í samræmi við skjalastefnu.
- Forstöðumenn bera ábyrgð á skjalamálum sinna stofnana. Þeir tryggja að myndun og varðveisla sé hluti af starfsemi stofnana. Starfsmenn bera hver og einn ábyrgð á þeim skjölum sem til hans berast.
- Hver starfsmaður er ábyrgur fyrir að fara eftir verklagi, svara því sem honum hefur verið sent eða sjá til þess að því sé svarað, kannað, sett í farveg og skrá máli lokið.

6. Lagarammi

Skjalastefnan byggir á gildandi lögum og reglum, þar á meðal:

- Lögum um opinber skjalasöfn nr. 77/2014
- Stjórnsýslulögum nr. 37/1993
- Upplýsingalögum nr. 140/2012
- Persónuverndarlögum nr. 90/2018 (og GDPR)
- Lögum um Þjóðskjalasafn Íslands
- Reglum Þjóðskjalasafns um skjalastjórn
- Einnig tekur stefnan mið af:
- Heildarstefnu sveitarfélagsins Hornafjarðar
- Reglum um upplýsingatækni og öryggi

7. Endurskoðun

Endurskoða skal skjalastefnu Sveitarfélagsins Hornafjarðar á fimm ára fresti eða oftár ef tilefni er til

8. Gildistaka

Stefnan tekur gildi við samþykkt bæjarstjórnar og kemur í stað skjalastefnu frá 2019.

Samþykkt í Bæjarráði Hornafjarðar þann 19.05.2026

Samþykkt í Bæjarstjórn Hornafjarðar: 30.06.2026